

Sþ.

514. Nefndarálit

[54. mál]

um till. til þál. um fyrirmyndar fiskiðjuver við Rifshöfn.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur athugað þessa tillögu og fengið umsagnir um hana frá ýmsum aðilum, m. a. frá stjórn landshafnarinnar í Rífi, sem leggur til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Landshafnarstjórnin segir m. a. svo í umsögn sinni um tillöguna:

„Stjórn landshafnarinnar hefur þegar ákveðið að beita áhrifum sínum í þá átt, að fiskiðjuverum, sem þar verða byggð til frambúðar, verði að staðsetningu og gerð vel og haganlega fyrir komið. Þess vegna hefur stjórnin látið skipuleggja hafnarsvæðið og landið umhverfis það með tilliti til uppbyggingar atvinnurekstrar og bæjarmyndunar. Stjórnin hefur ekki viljað afgreiða umsóknir um lóðir undir smærri fiskiðjuver, á meðan ekki liggja fyrir teikningar og greinargerð um fjárhagsmöguleika til að koma upp stóru fiskiðjuveri.“

Með tilvísun til afstöðu stjórnar landshafnarinnar í Rífi og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti sem fyrst athuga til hlítar, hvernig best megi veita aðstoð til uppbyggingar atvinnurekstrar við Rifshöfn, leggur undirritaður meiri hl. allsherjarnefndar til, að tillögu þessari verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 21. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson,
form., frsm.

Einar Ágústsson.

Matthías Bjarnason,
fundaskr.

Pétur Sigurðsson.

Gísli Guðmundsson.

Sverrir Júlíusson.